

Fundur 23.5.2022 Ingvar Agnarsson.

Já komið þið nú sæl.

*Já blessaður og velkominn.*

Allt of langt síðan ég hef við ykkur talað og erum við hér báðir Þorsteinn og ég og biður hann að heilsa sínum fjölskyldumeðlimum og vonar að barnabarninu heilsist vel og sendir þeim orku.

*Já takk fyrir það.*

Ingvar Agnarsson.

*Já velkominn, gott að heyra í þér.*

Já, sumuleiðis.

*Það er sami krafturinn í þér?*

Já þakka þér fyrir, ég reyni að stunda góða lífennisfræði og er ánægður með lífið hér og já þið finnið orkuna?

*Já, já, við erum mjög ánægðir að amma hans Ingólfs skyldi koma í sambandið um daginn.*

Já, það er nú oft ekki hlaupið að því að fá alla til að tala sem eru ekki framfærnir eða með reynslu í þessu að tala hér.

*Einmitt.*

En það tókst nokkuð vel og er hún mjög sátt við niðurstöðuna og segir að hún sé hissa á sér að hafa ekki komið fyrr í sambandið.

*Já er það ekki.*

Jaá. Og eru hér líka margir ættingjar ykkar, konan þín Þorlákur.

*Já takk fyrir.*

Og foreldrar og Þorsteinn á Úlfstöðum sem biður að heilsa.

*Takk fyrir það, ég bið að heilsa á móti.*

*Ég bið að heilsa líka.*

Haukur faðir, Hörður faðir,

*Eiríks, er það Hörður Halldórsson.*

Já.

*Ég bið kærlega að heilsa honum líka.*

Móðir og aðrir ættingjar.

*Bið að heilsa þeim öllum líka.*

Já.

*Ég er oft að hugsa til þeirra.*

Það hefur, ég vildi aðeins, það hefur verið hér mikil orka og umbót síðan liðið frá hinum kristnu öfga hnöttum fór af hnettinum og vorum við forvígismenn Nýalssinna í nokkrum vanda að lýsa allri okkar starfsemi.

Og reyndu þeir að gagnrýna okkur sem mest en fengum við hjálp frá Guðunum og fór það allt vel að lokum.

Mér finnst það sérstakt ánægjuefni að sonur minn er nú orðinn eins og hann á að sér að vera, var það bæði áhrif frá Covid og þeim sjúkdómi sem hrjáði hann sem dró hann til dauða og þurfti að glíma hér við.

En höfum við hjónin hér bætt í hópinn og er hann ánægður með það.

*Já til lukku með það.*

Já, er það nokkuð nýtilkomið og

*Þú hefur gert eins og Haukur?*

Já ég er nú farinn að taka það meira rólega aftur og við komum úr þessu mikla ferðalagi þegar kreppan skall á hjá ykkur og þurftum að sinna ýmsum erindum að því loknu sem tengdust því máli og eru hér í góðu sambandi við Íslendingana og þá sem tilheyra öðrum þjóðernum og Nýalsstefnan í miklum hávegum höfð.

Vildi ég einnig þakka sérlega fyrir það myndarlega og glæsilega framtak sem Þorsteinn og fleiri hafa séð fyrir og Háskólanum og fyrir hönd Helga Pjeturss og teljum að, við erum sammála um að meiri líkindi séu nú til þess að einhverjar dyr fleiri geti opnast í Háskólasamfélaginu og þjóðfélaginu öllu, hvað þetta varðar.

*Það var hugrekki hjá honum að stíga fram með þessa sýningu.*

Já erum mjög ánægð með þetta og það er tvennt sem ég vil minnast á að vanda, eins og þið þekkið mig vel, minn framkvæmdahug, að ég vil að þið reynið að fara aftur í skólana og kynnið þetta eins og við Þorsteinn gerðum og gaman ef þið gætuð komið Lífgeislum aftur á hreyfingu, þótt ekki væri nema í póstsendingum eða í netföngum, ef þið treystið ykkur til þess, en við erum bjartsýn að það geti gengið.

Siggi biður sérstaklega að heilsa og hann segir að hann sé öflugri en nokkru sinni fyrr og er það von hans að synir hans og fjölskylda muni taka þessu starfi opnum örmum og að þeim gangi allt í haginn og sendir hann þeim sérstakar ástarkveðjur og segir að hann sé nú allur búinn að ná sér og höfum við hér farið í nokkrar gönguferðir og fjallgöngur og annað slíkt og kannski hann geti sagt frá því sjálfur síðar.

Ætla ég nú ekki að hafa þetta lengra en þakka ég kærlega fyrir gott samband og vil ég einnig segja það með henni Sigríði að hann frændi minn er okkur til sóma og hefur hann hjálpað félaginu mikið og vona ég að það eigi eftir að ganga sem lengst þannig áfram og munum við einnig fylgjast með öðrum miðlum og reyna að efla þá og finnst mér hér vera eitt efni við hlið frænda míns.

*Já, já hann hefur ekki gefið kost á sér ennþá, en það kemur.*

Já við vonum að það muni verða og ég kveð ykkur þá að sinni og óska ykkur alls hins besta, verið þið sælir.

*Vertu blessaður Ingvar og takk fyrir að koma.*